



# STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Innviðaráðuneytið / innviðaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson

Sölvhólgata 7

101 Reykjavík

Hólmavík 31.01.23

**Efni: Erindi vegna meintrar ólöglegar stjórnýslu Strandabyggðar, bréf ráðuneytisins frá 10. janúar 2023**

Með vísan í bréf ráðuneytisins frá 10. janúar sl. undirritað af Birni Inga Óskarssyni, fyrir hönd ráðherra, fylgir hér umbeðin greinargerð sveitarfélagsins „um aðdraganda og meðferð þeirra mála sem fram koma í fyrrgreindum erindum og þau lagasjónarmið sem afgreiðsla sveitarfélagsins byggði á í umræddum málum“, eins og segir í bréfi ráðuneytisins. Greinargerðin tekur bæði erindi fyrir en á aðskilin hátt.

## Fyrri erindið.

Bréf fyrrverandi sveitarstjórnar til ráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar, „ósk um aðstoð frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála“.

Hér óskar fyrrverandi sveitarstjórn eftir aðstoð ráðherra, Sigurðar Inga Jóhannssonar, við að fá upplýsingar og svör frá núverandi meirihluta í sveitarstjórn Strandabyggðar.

Í bréfi fyrrverandi sveitarstjórnar til ráðherra, segir: „Við undirritað, fimm fyrrverandi fulltrúar í sveitarstjórn Strandabyggðar á kjörtímabilinu 2018-2022, óskum hér með formlega eftir aðstoð sveitarstjórnarráðuneytisins við að fá upplýsingar og svör frá núverandi meirihluta í sveitarstjórn Strandabyggðar“.

Staðreyndin er sú, að þessu erindi hefur verið svarað og var það gert á sveitarstjórnarfundi nr. 1333 þann 14. júní 2022.

Mál þetta er sérstakt fyrir þær sakir, að fyrrverandi sveitarstjóri, Þorgeir Pálsson, er nú kominn aftur til starfa sem sveitarstjóri og raunar oddviti líka, enda hafði sá listi sem hann leiddi, sigur í kosningum í maí sl. Mál þetta snertir hann og hans starfslok gagnvart fyrrverandi sveitarstjórn eingöngu og hefur enga tengingu við núverandi sveitarstjórn Strandabyggðar, fyrir utan Þorgeir. Í ljósi eðlis þessa máls kýs Þorgeir að svara ráðuneytinu í sérstakri greinargerð, sem er send sem viðhengi með þessu svari.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

## Samantekt fyrra erindis:

Meirihluti sveitarstjórnar Strandabyggðar áréttar:

1. Erindi fyrrverandi sveitarstjórnar var svarað þann 14. júní 2022
2. Núverandi sveitarstjórn, utan Þorgeirs Pálssonar, er ekki aðili þessa mál
3. Það er því ekki rökrétt að núverandi sveitarstjórn fjalli um mál sem hún er ekki aðili að.

## Seinna erindið.

Fyrirspurn A lista Almennra borgara. Hér er um að ræða bréf fulltrúa minnihluta í sveitarstjórn; Matthíasar Sævars Lýðssonar og Hlífur Hrólfsdóttur frá 30. ágúst 2022 til Innviðaráðuneytisins. Þar óska þau eftir því að „Innviðaráðuneytið gefi álit og eftir málsatvikum skeri úr um það sem fram kemur í þessu bréfi og fylgigögnum. Málið snýst um undirbúning funda sveitarstjórnar, dagskrá þeirra og fundarstjórn“. Senda þau bréfið í sínu nafni en einnig fyrir hönd varamanna sinna, þeirra Guðfinnu Láru Hávarðardóttur og Ragnheiðar Ingimundardóttur.

Málið snýst í raun um sama bréf og fyrra erindið snýst um, og þá sérstaklega hvort oddviti Strandabyggðar, undirritaður Þorgeir Pálsson, hafi farið að sveitarstjórnarlögum þegar hann hafnaði beiðni um að taka málið á dagskrá sveitarstjórnarfundar þann 23. júní 2022, en erindið hafði verið lagt fram á sveitarstjórnarfundum 14. júní 2022. Matthías leggur fram bókun á fundinum þar sem m.a. segir: „Ég tel það ólíðandi að oddviti telji það í sínum verkahring að leggja mat hvað mál frá sveitarstjórnarmönnum eigi eða megi taka á dagskrá.“ (Sveitarstjórnarfundur Strandabyggðar nr. 1334)“.

Hér er rétt að komi fram, að undirritaður vísaði á fundinum í Samþykktir um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins Strandabyggðar, 10. gr., þar sem segir: „Framkvæmdastjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við oddvita og skal dagskráin fylgja fundaboði“ og þá staðreynd að erindið hafði verið tekið fyrir á sveitarstjórnarfundum nr. 1333 þann 14. júní 2022.

Á sveitarstjórnarfundum 9. ágúst 2022 gerir minnihlutinn aftur athugasemd við fundarsköp og í bréfi þeirra til ráðuneytisins er vísað í fundargerð fundarinnar: „Matthías er með athugasemd varðandi mál sem A-listi óskaði eftir að tekið yrði fyrir á fundinum í dag en oddviti hafnaði því að taka það inn á dagskrá þessa fundar þar sem það hefði verið tekið fyrir á fundum nr. 1333. A-listinn óskar eftir að 2 erindi verði tekin fyrir sem afbrigði á fundinum. Oddviti hafnar beiðni um afbrigði með þeim rökum sem lögð voru fram á fundum nr. 1333. Jafnframt vill oddviti taka fram að í síðasta bréfi frá fyrrum sveitarstjórn séu meiningar til annara í núverandi sveitarstjórn sem eiga ekki aðild að þessum deilum og mun oddviti leita til lögfræðings sveitarfélagsins varðandi bréf þessi, jafnframt verður fundur næstkomandi fimmtudag með lögfræðingi sveitarfélagsins og í framhaldinu verður erindinu svarað hafi forsendur breyst“.

Eins og fram kemur þarna, beindi fyrrverandi sveitarstjórn nú gagnrýni sinni að hinum tveimur fulltrúum meirihlutans, þeim Jóni Sigmundssyni og Sigríði Guðbjörgu Jónsdóttur, sem enga aðild eiga að málinu enda ný í sveitarstjórn. Er það gert með slíkum hætti, að undirritaður taldi eðlilegt að ræða við lögfræðing sveitarfélagsins, Björn Jóhannesson hjá Megin Lögmannsstofu. Undirritaður fór yfir þessi samskipti og ummæli með lögfræðingi, og sá ekki ástæðu til að taka málið fyrir í kjölfar þess, enda forsendur óbreyttar.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

Hér er rétt að áréttta:

- Málið varðar einungis undirritaðan og starfslok hans gagnvart fyrrverandi sveitarstjórn. Enginn annar aðili í núverandi sveitarstjórn Strandabyggðar á aðild að þessu máli
- Búið var að svara bréfi fyrrverandi sveitarstjórn á sveitarstjórnarfundi nr. 1333 þann 14. júní 2022
- Þar sem málið snertir ekki aðra í núverandi sveitarstjórn en Þorgeir Pálsson, þótti órökrétt að sveitarstjórn fjalli um mál sem hún á ekki aðild að.

Þá má einnig nefna að:

- Fyrrverandi sveitarstjórn mátti vel vera ljóst í hverju ágreiningurinn við Þorgeir Pálsson fælist, því bæði kemur það fram í yfirlýsingu Þorgeirs Pálssonar, sem fyrrverandi sveitarstjóra þann 21. apríl 2021, og eins hafði Þorgeir ítrekað óskað eftir viðræðum við fyrrverandi sveitarstjórn á starfstímabili þeirra, 2018-2021. Þeirri beiðni var aldrei svarað af fyrrverandi sveitarstjórn
- Á sveitarstjórnarfundi nr. 1333 þann 14. júní 2022, bauð Þorgeir upp á fund með fyrrverandi sveitarstjórn, til að ræða þessi ágreiningsefni. Því boði hefur aldrei verið svarað af fyrrverandi sveitarstjórn.

Það vekur athygli í þessu samhengi, að oddviti minnihlutans Matthías Sævar Lýðsson, telur hér eðlilegt að erindi sem eingöngu snertir undirritaðan og enga aðra í núverandi sveitarstjórn, sé tekið til skoðunar. Því 13. janúar s.l, þegar Innviðaráðuneytið hafði sent sveitarstjórn svarbréf sitt við fyrirspurn undirritaðs frá ágúst 2021, um meintan gjafagjörling fyrrverandi sveitarstjórnar á 33,3% eignarhlut sveitarfélagsins í Félagsheimilinu Sævangi, kvað við annan tón. Þá skrifaði Matthías Sævar, sem er stjórnarformaður Sauðfjárseturs ses, þess félags sem fékk 33,3% eignarhlut sveitarfélagsins gefins, eftirfarandi í tölvupósti til sveitarstjórnar Strandabyggðar (undirstrikun er undirritaðs):

„Blessuð

Takk fyrir þessar upplýsingar.

Vil bara benda á að efni þessa bréfs varðar ekki núverandi sveitarstjórnarmenn, nema núverandi oddvita.

Þetta mál varðar fyrrverandi sveitarstjórnarmenn. Var þeim sent þetta bréf, til upplýsingar og kynningar?

Með góðri kveðju,

Matthías Lýðsson

Sveitarstjórn Strandabyggðar“

Þarna er Matthíast Sævar Lýðsson ekki samkvæmur sjálfum sér og sínum málflutningi, enda hagsmunirnir kannski aðrir.

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS

## Samantekt seinna erindis.

Það kom skýrt fram í kostningaráttunni á vordögum 2022, að A listinn væri beintengdur fyrrverandi sveitarstjórn og að listinn byggði á stefnu þeirrar sveitarstjórnar. Ábyrgðarmaður A listans var Jón Gísli Jónsson, fyrrverandi oddviti Strandabyggðar. Einn varamanna A lista í dag er Guðfinna Lára Hávarðardóttir, sem var í fyrrverandi sveitarstjórn. Þrátt fyrir yfirlýsingu minnihlutans um jákvæð samskipti og samvinnu við meirihlutann, til heilla fyrir sveitarfélagið, hefur minnihlutinn gengið erinda fyrrverandi sveitarstjórnar, t.d. í þessu máli, þrátt fyrir að hafa enga beina tengingu við málið sjálft.

Meirihluti sveitarstjórnar hefur frá upphafi lagt áherslu á vönduð vinnubrögð, leitað til lögfróðra manna, leitað til fulltrúa og sérfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga, allt í því skyni að viðhafa faglega stjórnýslu samkvæmt lögum og samþykktum. Og fram að þessu hafa öll svör við erindum minnihlutans, með bakland í fyrrverandi sveitarstjórn, staðfest, að meirihlutinn hefur staðið rétt að málum. Er hér átt við svar innviðaráðuneytis frá 25.nóvember 2022 við erindi Matthíasar Sævars Lýðssonar og Hlífur Hrólfsdóttur og svar siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28.nóvember 2022, við erindi frá sömu aðilum. Bæði erindi eru viðhengi með þessu bréfi.

Þetta erindi minnihlutans nú, snýst um að gera stjórnýsluákvæðanir undirritaðs tortryggilegar og gefa í skyn að sveitarstjórnarlög séu brotin, þrátt fyrir skýr ákvæði í samþykktum um vald framkvæmdastjóra hvað uppstillingu dagskrá sveitarstjórnarfunda varðar og þá staðreynd, að sveitarstjórn hafði á sveitarstjórnarfundi nr. 1333, þann 14. júní 2022, tekið erindið fyrir fyrir og undirritaður svarað því.

Undirritaður, sem og aðrir fulltrúar Strandabandalagsins í sveitarstjórn Strandabyggðar, hafa í hvívetna vandað til verka í sinni stjórnýslu og ávallt leitað aðstoðar og ráða lögfróðra og sérfróðra manna. Fram að þessu hefur það vegið þyngra á vogaskálinni að halda frið og sátt í sveitarfélaginu, en að eltast við ásakanir fyrrverandi sveitarstjórnar og minnihlutans. Hér er hins vegar dregin lína í þann sand, enda eiga íbúar rétt á að sjá í hvað fjármunir, tími og vinna sveitarfélagsins og kjörinna fulltrúa þess, fara. Þetta er ekki vilji Strandabandalagsins, en rétt skal vera rétt.

Hólmavík 31.janúar 2023

Þorgeir Pálsson

Oddviti/sveitarstjóri Strandabyggðar

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS